



Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 24. júlí 2025

SFS25040090

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 24.7.2025 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Breytingar á reglubundnum skólaakstri frá upphafi skólaársins 2025-2026 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júlí 2025, varðandi breytingar á reglubundnum skólaakstri frá upphafi skólaársins 2025-2026, ásamt fylgiskjöllum.

- Kl. 12:30 vikur Þórdís Lóa Þórhallsdóttir af fundinum og tekur sæti með rafrænum hætti.

Samþykkt.

Steinn Jóhannsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 10. júlí 2025
SFS25040090

Breytingar á reglubundnum skólaakstri frá upphafi skólaársins 2025-2026

Skóla- og frístundasvið hefur verið með til skoðunar að óska eftir því að skólaakstri úr Vogabyggð í Vogaskóla verði hætt þar sem unnið er að gerð göngubrúar sem verður tilbúin þegar skóli hefst í ágúst 2025 til samræmis við meðfylgjandi minnisblað dags. 9. júlí 2025.

Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til að skólaakstur í Vogabyggð verði felldur niður frá upphafi skólaársins 2025-2026.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júlí 2025

Umsögn skólaráðs Vogaskóla, dags. 21. maí 2025

Umsögn samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 7. júlí 2025



Reykjavík



Minnisblað

Reykjavík, 9. júlí 2025

SFS25040090

Sendandi: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Viðtakandi: Borgarráð

Breytingar á reglubundnum skólaakstri frá upphafi skólaársins 2025-2026

Boðið hefur verið upp á skólaakstur úr Vogabyggð í Vogaskóla þar til gönguleið hefur verið tryggð. Þar sem unnið er að gerð göngubrúar sem verður tilbúin þegar skóli hefst í ágúst 2025 er óskað eftir að skólaakstur í Vogabyggð verði felldur niður frá upphafi skólaársins haustið 2025.

Í Vogaskóla eru 50 nemendur með lögheimili í Vogabyggð. Allir þessir nemendur búa innan fjarlægðaviðmiða skv. reglum um strætókort, þ.e. innan 1,5 km í 1. til 4. bekk og 2 km vegna nemenda í 5. til 10. bekk.

Árgangur	Annað	Vogabyggð	Heildarsumma
1	33	10	43
2	31	5	36
3	47	3	50
4	25	2	27
5	34	5	39
6	40	9	49
7	28	4	32
8	34	5	39
9	34	4	38
10	31	3	34
Heildarsumma	337	50	387

Notkun skólabílsins er á þá leið að um það bil 45 börn nýta skólaakstur til skóla að morgni.

Þrír nemendur hætta í vor í Vogaskóla sem koma úr Vogabyggð vegna aldurs og miðað við upplýsingar í Þjóðskrá ættu að koma í Vogaskóla 15 nemendur úr Vogabyggð í 1. bekk haustið 2025. Allir þessir nemendur búa innan fjarlægðaviðmiða skv. [reglum um strætókort](#), þ.e. innan 1,5 km í 1. til 4. bekk og 2 km vegna nemenda í 5. til 10. bekk.

Hagræðing vegna þessarar tillögu er eftirfarandi:

Safnakstur í Vogaskóla úr Vogabyggð kostar um 500.000 kr. á mánuði eða 4,5 milljónir króna á ári miðað við að virkir mánuðir séu níu.

Umsögn skólaráðs Vogaskóla, dags. 21. maí 2025, liggur fyrir og kemur þar fram að skólaráð telji að með tilkomu göngubrúarinnar séu forsendur fyrir skólaakstri úr Vogabyggð í Vogaskóla breyttar og ekki sé lengur þörf á skólaakstri þar á milli.



Jafnframt liggur fyrir umsögn samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 7. júlí 2025, þar sem fram kemur að með tilkomu göngubrúarinnar verða aðstæður til að ganga til og frá skóla orðnar sambærilegar og í öðrum hverfum borgarinnar. Tekið er fram að rétt sé að ítreka að göngubrúin er til bráðabirgða en áætlað er að hún standi á þeim stað sem hún er að rísa næstu 3-4 ár. Það er mat skrifstofu samgangna og borgarhönnunar að ekki sé þörf á skólaakstri milli Vogabyggðar og Vogaskóla eftir að göngubrú yfir Sæbraut hefur verið tekin í gagnið.

Í gr. 4.2 reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar segir að ákvörðun um akstur með skólabifreið eða að honum verði hætt er tekin af skóla- og frístundaráði sem meginreglu fyrir 1. júlí vegna komandi skólaárs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi. Ef veitt er samþykki fyrir reglubundnum skólaakstri er það ótímabundið og gildir nema forsendur breytist.



Reykjavík, 21. maí 2025

Fagskrifstofa grunnskólamála hjá Skóla – og frístundasviði

Efni: Umsögn frá skólaráði Vogaskóla um ráðgerðar breytingar á skólaakstri úr Vogabyggð í Vogaskóla

Skólaráð Vogaskóla fundaði þann 21. maí 2025 og fór yfir upplýsingar frá fagskrifstofu grunnskólamála hjá Skóla – og frístundasviði Reykjavíkurborgar vegna ráðgerðra breytinga á skólaakstri úr Vogabyggð í Vogaskóla.

Skólaráð fagnar tilkomu göngubrúarinnar yfir Sæbraut milli Vogabyggðar og Vogahverfis og telur það meðal annars lýðheilsumál að nemendur Vogaskóla eigi kost á því að ganga í skólann og öryggi þeirra sé tryggt. Samkvæmt upplýsingum frá fagskrifstofu grunnskólamála þá eru heimili nemenda sem koma úr Vogabyggð innan fjarlægðaviðmiða skv. reglum um strætókort.

Skólaráð telur að með tilkomu göngubrúarinnar séu forsendur fyrir skólaakstri úr Vogabyggð í Vogaskóla breyttar og ekki sé lengur þörf á skólaakstri þar á milli.

Undir þetta rita skólaráðsfulltrúar Vogaskóla, 21. maí 2025

Snædís Valsdóttir skólastjóri Vogaskóla, Óskar Pétur Einarsson og Vigdís Másdóttir fulltrúar foreldra, Birkir Aron Aðalgeirsson, fulltrúi nemenda, Laufey Brynja Sverrisdóttir og Ólafur Sigurðsson fulltrúar kennara, Guðbjörg Jóna Pálsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Birta Líf Haraldsdóttir starfandi forstöðukona Vogasels og fulltrúi grenndarsamfélagsins.



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Reykjavík, 7. júlí 2025

SFS25040090

Umsögn ráðgerðar breytingar á skólaakstri úr Vogabyggð í Vogaskóla

Skóla- og frístundasvið óskaði eftir umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þar sem ráðgert er að taka af skólaakstur úr Vogabyggð í Vogaskóla. Beiðni um umsögn var send með tölvupósti 12. júní en ekki lágu fyrir upplýsingar um í hverju breytingarnar fólust fyrir en fulltrúar skóla- og frístundasviðs fóru yfir upplýsingar um áætlaðar breytingar á skólaakstri á fundi 26. júní.

Umsögn:

Skólaakstur hefur verið milli Vogabyggðar og Vogaskóla með hliðsjón af umferðaröryggisaðstæðum við Sæbraut. Framkvæmdir við nýja göngubrú, sem reist er til bráðabirgða þar til Sæbraut verður komin í stokk, ganga vel. Áætlað er að göngubrúin og stígtengingar við hana verði komnar í notkun fyrir upphaf skólaárs í ágúst 2025. Með tilkomu göngubrúarinnar verða aðstæður til að ganga til og frá skóla orðnar sambærilegar og í öðrum hverfum borgarinnar. Rétt er að ítreka að göngubrúin er til bráðabirgða en áætlað er að hún standi á þeim stað sem hún er að rísa næstu 3-4 ár.

Það er mat skrifstofu samgangna og borgarhönnunar að ekki sé þörf á skólaakstri milli Vogabyggðar og Vogaskóla eftir að göngubrú yfir Sæbraut hefur verið tekin í gagnið.

*Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið*



Reykjavík